



Akranesi, 19.07.2016

Bæjarráð Akraness  
b.t. Regínu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

**Málefni: Nýtt gervigras í Akraneshöll**

Vísað er til úttektar á gervigrasinu í Akraneshöll sem Peter W Jessen hjá Verkís gerði að beiðni Harðar Jóhannessonar, forstöðumanni íþróttamannvirkja hjá Akraneskaupstað. Úttektin var gerð 4.nóvember 2015 og þar kemur fram að gervigrasið er ónýtt. Úttektina er hægt að nálgast hjá Herði eða Sigurði Páli.


Það er því aðkallandi að skipt sé um gervigras í Akraneshöll sem allra fyrst, en í október 2016 eru liðin 10 ár frá því grasið var tekið í notkun.


Áætlaður kostnaður við nýtt gervigras sem uppfyllir nútíma kröfur um öryggisstaðla og uppfyllir kröfur FIFA/UEFA, er um 45 mkr, og er þá miðað við að valið sé svipað gervigras og nýlega er búið að leggja á Víkingsvöll og Valsvöll í Reykjavík.

Það er von Knattspyrnufélags ÍA að hægt sé að koma endurnýjun á gervigrasinu á fjárhagsáætlun 2018. Tillaga KFÍA er sú að stefnt verði að því að verktaki leggi grasið í ágúst 2017 (minni notkun á Akraneshöll þann mánuðinn) og reynt að semja við verktakann um að greiðsla komi til að mestu 1.janúar 2018. Þetta er besta lausnin ef hægt er.

Knattspyrnufélag ÍA er tilbúið að aðstoða Akraneskaupstað eins og hægt er varðandi hugmyndir að útfærslu á verkefninu.

Með fyrirfram þökk,

  
Magnús Guðmundsson  
formaður KFÍA

  
Sævar Freyr Þráinsson

Varaformaður KFÍA

  
Haraldur Ingólfsson

Framkvæmdastjóri KFÍA

Akraneskaupstaður 

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
14.3	Gsjó	20 JULI 2016
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
RA	St. A	1607058